

288. KIRKJURÁÐSFUNDUR

MÍÐVIKUDAGUR 13. FEBRÚAR 2019 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu, Reykjavík

FUNDARGERÐ

- 1) Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
- 2) Fjármál og fasteignir
 - a) Fundargerðir fjármálahóps kirkjuráðs dags. 29. jan. og 12. feb.
 - b) Fljótsdalshreppur, kaupsamningur um landspildu
 - c) Skútustaðir, bréf matsefndar skv. lögum um lax- og silungsveiði ásamt arðskrá
 - d) Séra Róbert Jack, erindi Erlings Jack
 - e) Lækkun á afgangi vegna námsleyfis sbr. 22. gr. starfsreglna um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009
 - f) Saurbær, lóðarleigusamningur. Áður á dagskrá 287. fundar
 - g) Saurbær, erindi félagsins Lifandi samfélag
 - h) Syðra Laugaland, erindi varðandi kaup eða leigu á lóð. Áður á dagskrá 280. fundar
 - i) Syðra Laugaland, uppgjör við fráfarandi ábúanda
 - j) Sala fasteigna kirkjumálasjóðs
 - k) Samkomulag um úrvinnslu og yfirfærslu á tilteknum eignum í samræmi við samkomulag frá árinu 2006 um prestsetur og afhendingu þeirra til kirkjunnar
 - l) Undirbúningur undir fjárhagsáætlanir næsta árs
- 3) Málefni Skálholts
 - a) Málefni Skálholtsbúsins
 - b) Erindi Verndarsjóðs Skálholtsdómkirkju
- 4) Áætlaður fundur í Samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar í tengslum við marsfund kirkjuráðs
- 5) Erindi Skógræktar ríkisins varðandi leigu á landi til skógræktar
- 6) Kærleikþjónusta og hjálparstarf. Minnisblað fundar
- 7) Samningaviðræður við ríkisvaldið um fjárhagsleg samskipti
- 8) Starfsmannamál
- 9) Önnur mál

1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

Fundurinn hófst kl. 9:30. Á fundinum voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Arna Grétarsdóttir, séra Axel Árnason Njarðvík, Svana Helen Björnsdóttir og Anna Guðrún Sigurvinsdóttir í forföllum Stefáns Magnússonar.

Jafnframt sátu fundinn Oddur Einarsson framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Guðmundur Þór Guðmundsson skrifstofustjóri Biskupsstofu og Þorvaldur Víðisson biskupsritari, sem skráði fundargerð.

Séra Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti sat fundinn undir dagskrárlið 3. Sigurbjörn Skarphéðinsson fasteignasali sat fundinn undir dagskrárlið 2 f.

Biskup Íslands setti fundinn með ritningarlestri og bæn. Fundargerð kirkjuráðsfundar frá janúar verður undirrituð á næsta fundi.

2. FJÁRMÁL OG FASTEIGNIR

a) Fundargerðir fjármálahóps kirkjuráðs dags. 29. jan. og 12. feb.

Tekin fyrir fundargerðin frá 29. jan.

Tekið fyrir dagskrármál 2. a. Erindi sóknarnefndar Reykhólasóknar varðandi fjárstyrk vegna tjóns á kirkjunni.

Kirkjuráð samþykkti tillöguna.

Tekið fyrir mál 4. b. varðandi sölu á fyrrum prestbústað á Eiðum.

Kirkjuráð samþykkti tillögu um að tilboð í eignina verði samþykkt með þeim fyrirvara að lóðarmál leysist.

Tekin fyrir fundargerðin frá 12. feb.

Tekið fyrir dagskrármál 2. b. Málefni Mosfells í Grímsnesi. Tillögur starfshópa voru kynntar.

Kirkjuráð samþykkti tillögu fjármálahópsins og samþykkti að fela framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir með svari til aðila máls.

Kirkjuráð samþykkti aðrar tillögur starfshópsins um meðferð mála.

b) Fljótsdalshreppur, kaupsamningur um landspildu.

Málið var áður á dagskrár 275. fundar og þar var kauptilboðið samþykkt.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að undirrita kaupsamninginn.

c) *Skútustaðir, bréf matsefndar skv. lögum um lax- og silungsveiði ásamt arðskrá.*
Bréf matsnefndarinnar ásamt arðskrá lögð fram. Málið gefur ekki tilefni til ályktunar kirkjuráðs.

d) *Séra Róbert Jack, erindi Erlings Jack.*

Erindið lagt fram.

□ Kirkjuráð samþykkti að fela kirkjustarfshópi kirkjuráðs að bjóða Erlingi Jack að koma á sinn fund og skoða málið betur.

e) *Lækkun á afgjaldi vegna námsleyfis sbr. 22. gr. starfsreglna um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009.*

Erindið lagt fram.

□ Kirkjuráð samþykkti að fela kirkjustarfshópi kirkjuráðs að rýna fasteignastefnu kirkjunnar og leggja tillögur sínar fyrir nefnd kirkjupings um málið.

□ Kirkjuráð samþykkti jafnframt að afgjald sóknarprestans á prestsetrinu verði felld niður þá mánuði sem sóknarpresturinn verður erlendis á meðan á námsleyfi hans stendur.

Framkvæmdastjóra er falið að fylgja málinu eftir.

f) *Saurbær, lóðarleigusamningur. Áður á dagskrá 286. fundar.*

□ Kirkjuráð samþykkti að fella út úr fyrri ályktun sinni tilvísun í stefnur kirkjunnar enda kemur fram í samningnum að öll starfsemi þarf að uppfylla skipulag svæðisins, nýjar byggingar þurfa að samþykkjast af landeiganda, ábúanda og byggingaryfirvöldum og skýrt er kveðið á um réttindi, skyldur og takmarkanir vegna nýtingar og umgengni.

□ Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að ljúka málinu með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum, þ.e. að heimild til dvalar á lóðinni verði ekki veitt.

g) *Saurbær, erindi félagsins Lifandi samfélag.*

Erindið lagt fram.

□ Kirkjuráð samþykkti að fela fjármála- og fasteignahópi kirkjuráðs að gera tillögu um afgreiðslu erindisins og leggja það fram fyrir næsta fund kirkjuráðs.

h) *Syðra Laugaland, erindi varðandi kaup eða leigu á lóð. Áður á dagskrá 280. fundar.*

Erindið lagt fram.

□ Kirkjuráð samþykkti að fela fjármála- og fasteignahópi kirkjuráðs að gera tillögu um afgreiðslu erindisins og leggja það fram fyrir næsta fund kirkjuráðs.

i) *Syðra Laugaland, uppgjör við fráfarandi ábúanda.*

□ Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að ganga til samninga við ábúandann um uppgjör á grundvelli úttektarskýrslu sem lögð var fram á 284. fundi.

j) *Sala fasteigna kirkjumálasjóðs.*

Stöðuskýrsla framkvæmdastjóra.

□ Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að láta auglýsa til sölu fasteign kirkjumálasjóðs að Laugarbraut 3 á Akranesi.

Þá samþykkti kirkjuráð að fela framkvæmdastjóra að taka saman skrá um eignir sem selja má, enda gegni þær engu hlutverki í kirkjulegu starfi.

k) Samkomulag um úrvinnslu og yfirfærslu á tilteknum eignum í samræmi við samkomulag frá árinu 2006 um prestsetur og afhendingu þeirra til kirkjunnar.

Drög samkomulagsins lögð fram.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að undirrita samkomulagið fyrir hönd kirkjumálasjóðs. Kirkjuráð lýsir yfir ánægju sinni með samkomulagið og þakkar sérstaklega núverandi skrifstofustjóra Biskupsstofu fyrir aðkomu hans að því að samkomulagið náðist eftir áralanga vinnu.

l) Undirbúningur undir fjárhagsáætlanir næsta árs.

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra.

3. MÁLEFNI SKÁLHOLTS

a) Málefni Skálholtsbúsins.

Lögð var fram fundargerð 58. fundar stjórnar Skálholts 22. janúar 2019. Fundargerðin var áður á dagskrá 287. fundar og þar ályktað um málið.

Kirkjuráð vísaði til bókunar stjórnarinnar undir 3. dagskrárlið og samþykkti að verða við því erindi stjórnarinnar að auglýst verði eftir ráðsmanni sem verði búsettur í Skálholti og verði leigjandi eða ábúandi á jörðinni.

b) Erindi Verndarsjóðs Skálholtsdómkirkju.

Erindið lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að orðið verði við erindinu.

4. ÁÆTLAÐUR FUNDUR Í SAMSTARFSNEFND ALÞINGIS OG ÞJÓÐKIRKJUNNAR Í TENGLUM VIÐ MARSFUND KIRKJURÁÐS

Fyrirhugaður er fundur í samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar 13. mars nk. kl. 12 í Alþingishúsinu.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að undirbúa minnisblað til að leggja fram á fundi samstarfsnefndarinnar, þar verði fyrst og fremst rætt um skerðingu sóknargjalda og kirkjugarðsgjalda.

5. ERINDI SKÓGRÆKTAR RÍKISINS VARÐANDI LEIGU Á LANDI TIL SKÓGRÆKTAR

Lagðir fram minnispunktar framkvæmdastjóra eftir fund með fulltrúa Skógræktar ríkisins sem haldinn var að frumkvæði Skógræktarinnar hinn 18. janúar 2019.

6. KÆRLEIKSÞJÓNUSTA OG HJÁLPARSTARF

Minnisblaðið lagt fram.

- Kirkjuráð ályktar að hugað verði að því að ákvarða fjármuni á rekstraráætlun næsta árs til verkefnið er varðar þjónustu við okkar minnstu bræður og systur svo sem greinir í Mattheusarguðspjalli 25:40.

7. SAMNINGAVIÐRÆÐUR VIÐ RÍKISVALDIÐ UM FJÁRHAGSLEG SAMSKIPTI.

Lögð fram drög að minnisblaði framkvæmdastjóra.

- Kirkjuráð samþykkti að minnisblaðið verði sent í nafni kirkjuráðs og biskupsembættisins til samninganefndar kirkjunnar og þess óskað að hún komi því á framfæri við ráðherra.

8. STARFSMANNAMÁL

Framkvæmdastjóri reifaði starfsmannamál kirkjuráðs m.t.t. 3. gr. starfsreglna um kirkjuráð. Málin voru rædd.

9. ÖNNUR MÁL

a) *Skipurit Biskupsstofu.*

Farið var yfir breytingar sem unnið hefur verið að á skipuritinu. Stefnt er að því að kynna breytingarnar á næsta fundi.

b) *Þjóðskrá Íslands.*

Lagt var til að leitað verði til Þjóðskrár um mat á verðmæti þeirra eigna sem runnu til ríkisins samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu.

- Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að leita samninga við Þjóðskrá um verkið.

c) *Hagsmunagæsla ábúenda kirkjujarða með laxveiðihlunnindum.*

- Kirkjuráð ályktar að fela framkvæmdastjóra að kanna umfang vinnu sem ætlast er til að ábúendur inni af hendi við hagsmunagæsluna.

d) *Saurbær á Hvalfjarðarströnd.*

Arna Grétarsdóttir og Axel Árnason Njarðvík kirkjuráðsmenn greindu frá því að verkefni þeirra hefði lokið með fundi sem haldinn var hinn 5. febrúar. Samningar hefðu ekki tekist.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:20.

Næsti fundur er áætlaður 13. mars 2019.

Agnes. M. Sigurðardóttir
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson,
biskupsritari

Séra Arna Grétarsdóttir

Séra Axel Árnason Njarðvík

Svana Helen Björnsdóttir

Anna Guðrún Sigurvinsdóttir